

Ed.

19. Tillaga til þingsályktunar

[16. mál]

um heilbrigðisþjónustu á Vestfjörðum.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um að við þá endurskoðun, sem nú stendur yfir á heilbrigðislöggjöfinni, skuli ákveðið að læknir hafi búsetu á Suðureyri við Súgandafjörð, á Bildudal í Arnarfirði, á Reykhólum í Austur-Barðastrandasýslu og í Árneshreppi í Strandasýslu.

Greinargerð.

Með lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 56/1973, er í 1. grein laganna útskýrt markmið þeirra og verður að telja að það hafi verið óviljaverk að lögin ná ekki tilgangi sínum. Þar segir svo:

„Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkornustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði.“

Samgöngur yfir vetrartímann valda því að þeir staðir, sem taldir eru upp í ályktun þessari, eru algerlega útundan hvað öryggi í heilbrigðisþjónustu snertir þann tíma ársins sem akvegir eru lokaðir.

Á þessum stöðum er um afturför að ræða á sviði heilbrigðismála og blasir sú staðreynd við að fólk flytur hurt sem ella hefði unað þar hag sínum. Hvort hafa beri H 1 heilsugæslustöðvar á þessum stöðum eða fjölga læknum á þeim heilsugæslustöðvum sem fyrir eru, en láta nægja að setja búsetuskilyrði, er svo matsatriði í hverju tilfalli.

Ekkert er þó því til fyrirstöðu að nýta starfskrafta þessara manna til þjónustu stærra svæðis þann tíma sem samgöngur eru viðunandi, en það er á þeim tíma sem sumarleyfi ganga yfir og gæti því verið hagkvæmt.

Nú hafa þær fréttir borist að meira framboðs sé að vænta af læknum en verið hefur, og vekur það vonir um að auðveldara verði að fá lækna til starfa í dreifbýlinu. Sú breyting, sem hér er lögð til, bætir til muna starfsskilyrði þeirra og leggur þeim hóflegri kröfur á herðar til ferðalaga. Þar sem endurskoðun heilbrigðislaganna hefst núna á næstunni er eðlilegt að Alþingi taki afstöðu til þess hvort 1. grein þeirra heilbrigðislaganna, sem nú eru í gildi, eigi við landið allt.

Nú er það von mín að Alþingi taki ábyrga afstöðu til þessara mála, en varði ekki veg nýrrar heilbrigðislöggjafar með dauðsföllum af hennar völdum.